Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

SEPTEMBER 2023

8. tbl. 26. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við Guðmund Pétursson lögfræðing og knattspyrnumann til margra ára

www.borgarblod.is

Héðinn kominn heim á Hringbraut

Styttan af Héðni Valdimarssyni, fyrrverandi alþingismanni og formanni verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar er komin á sinn stall við Hringbraut í Vesturbæ Reykjavíkur. Sigurjón Ólafsson myndhöggvari gerði styttuna og var hún sett upp í október 1955.

Þegar styttan var tekin niður fyrir um fimm árum stóð upphaflega aðeins til að laga stöpulinn undir henni sem var orðinn morkinn. Var Héðinn því settur í geymslu á Árbæjarsafni og stóð til að vaxbera styttuna. Við skoðun kom í ljós að festingar og boltar inni í henni voru mikið ryðguð svo ráðast þurfti í víðtækari viðgerð. Danskur sérfræðingur var fenginn í verkið. Sá lýsti því yfir að mesta mildi væri í raun að styttan hefði ekki hrunið niður. Svo illa hafi hún verið farin.



Héðinn fékk far á vörubílspalli vestur á Hringbrautina.

- bls. 6
Gleði og góð stemning á Vitatorgi

- bls.8
Hallærisplanið

Systrasamlagið
Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367
Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16
Netverslun:
systrasamlagid.is
Sjá nánar á
facebook.com/Systrasamlagid

RECARO
Barnabílstólar í úrvali
SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED SIDE PROTECTION · 3 POINT BELT
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is
Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavini sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

Úrval, gæði, þjónusta!

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Borgarblöð ehf.
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
8. tbl. 26. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Borg á fleygiferð

Reykjavík er á fleygiferð. Hefur verið það frá byrjun þessarar aldar. Þrátt fyrir áföll í þjóðlífinu. Bankahrun og Covid faraldur hefur þessi för inn í framtíðina haldið áfram. Tæpast þarf annað en líta yfir lendur og byggðir borgarinnar til að verða þessa áskynja.

Borgarbúum hefur fjölgað hratt. Á aðeins fjórum árum hefur hann farið úr 123 þúsund í 135 þúsund. Fjölgunin heldur áfram. Ekki sér fyrir endann á henni.

Íbúafjölgunin hefur kallað á margvíslegar framkvæmdir. Ekki aðeins íbúðabyggingar heldur einnig stórauknar framkvæmdir við stoðkerfi borgarinnar. Skólakerfi, veitukerfi og síðast en ekki síst samgönguframkvæmdir.

Reykjavík býr ekki yfir óendanlegu byggingarlandi. Því hefur verið gripið til þess ráðs að þétta byggðina. Byggja á mörgum áður óbyggðum og auðum og jafnvel illa hirtum svæðum og endurbyggja gamlar og úreltar iðnaðarbyggðir.

Eðlilega kostar þetta sitt en eru engu að síður nauðsynlegar framkvæmdir. Framkvæmdir sem skila sér inn í komandi framtíð ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg.

Reykjavík verður áfram á fleygiferð. Ferð inn í framtíðina. Þótt einhverjar úrtölur kunni að heyrast. Þótt einhverjir vilji horfa á þá Reykjavík sem var á liðinni öld og sjá ofsjónum yfir nútímanum og framtíðinni verður þessi ferð ekki stöðvuð.



Sólvallagata

Íbúar hugsandi vegna hugmyndar Bandaríkjamanna

Íbúar við Sólvallagötu eru hugsandi yfir hugmyndum Bandaríska sendiráðsins um að stórefla öryggisvarnir hússins við Sólvallagötu 14 með því að reisa tæplega tveggja metra háa rimlagirðingu úr stáli auk þess að setja vakthús við suðvesturhorn hússins fyrir öryggisgæslu. Bandarískar kröfur um öryggisvarnir koma Íslendingum nýstárlega fyrir sjónir enda ekki vanir háum rimlagirðingum eða öryggisskýlum þar sem jafnvel vopnaðir öryggisverðir geta haft bækistöðvar til að gæta íbúa í tilteknum húsum. Áformað er að húsið verði nýtt sem sendiherrabústaður en sendiráð Bandaríkjanna er í nýjum og skotheldum húsakynnum við Engjateig.


Sólvallagata 14.

Reykjavíkurborg hefur borist umsókn um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, byggja lyftuhús norðan aðalinngangs, byggja yfir svalir ofan á inngangi, gera nýjan inngang og tröppur á norðurhlið fyrstu hæðar að eldhúsi íbúðarhúss, byggja ofan á bílskúr, með aðgengi um utanáliggjandi stiga meðfram vesturhlið, jafnframt því að byggja vaktskýli fyrir öryggisgæslu í suðvestur horni lóðar og reisa öryggisgirðingu inn á lóð og meðfram lóðarmörkum aðliggjandi lóða. Bandaríska sendiráðið festi kaup á húsinu sem áður var í eigu Andra Más Ingólfssonar, fyrrverandi aðaleiganda Primera Air og Heimsferða, og Valgerðar Franklínsdóttur, eiginkonu hans.

Sendiráðið sendi Reykjavíkurborg fyrirspurn og teikningar vegna fyrirhugaðra breytinga í tvígang á síðasta ári. Í fyrstu hafnaði borgin sendiráðinu og í það síðara var niðurstaða skipulagsfulltrúa sú að vegna sérstakra aðstæðna yrði ekki gert skipulagslega athugasemd við að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn um girðingu, vakthús og viðbyggingu þegar eða ef hún bærist. Nýjasta beiðni sendiráðsins tekin fyrir á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa nýlega og vísað til verkefnastjóra til frekari skoðunar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um grenndarkynningu vegna málsins.


Elísabetarstígur við Framnesveg

Einar Þorsteinsson formaður borgarráðs Reykjavíkur tilkynnti nýverið að stígur við Framnesveg að baki nýbygginga við Hringbraut fengi nafnið Elísabetarstígur. Stígurinn er nefndur eftir Elísabetu Jökulsdóttur skáldi og rithöfundi sem bjó lengi í litlu húsi við Framnesveg. Skilti sem hún hafði í glugga er löngu orðið frægt. Þar mátti finna góðlátlega áminningu um skáldlegar hliðar veruleikans. Þar stóð einfaldlega: Mundu töfrana.

Þegar fregnir bárust af því að nefna ætti lítinn stíg á bak við gamla húsið hennar Hoffmannsstíg í höfuðið á Pétri Hoffmann Salómonssyni, sem lengi bjó á þessum slóðum og stundaði Öskuhaugana lagði Elísabet til að stígurinn yrði heldur nefndur í höfuðið á henni. Hún fékk þvert nei frá borgarstjórn en gafst ekki upp heldur setti af stað undirskriftalista sem yfir þúsund skrifuðu undir. Þegar hún afhenti formanni borgarráðs listann fékk þá þessi svör: „Málið er leyst, og stígurinn fær þetta nafn. Og það þarf að gera smá breytingar á uppdrættinum og þá er þetta komið. Þannig að til hamingju með það.“ Elísabet var að vonum ánægð með þessi málalok enda fer vel á því að nefna stíginn eftir einhverri þekktustu manneskju sem búið hefur á þessum slóðum. Elísabet vill deila stígnum með öðrum konum sem hafa alist upp eða unnið í hverfinu.


Elísabet Jökulsdóttir og Einar Þorsteinsson formaður borgarráðs Reykjavíkur.

„Ég hef verið á sjó og verið sjómannskona og ég veit að í húsinu þar sem ég bjó var algjör hetja. Steinunn hét hún og hún ól upp fimm börn á 63 fermetrum. Þannig langar mig að setja upp skjöld á Elísabetarstíg þar sem stígurinn er tileinkaður konum, sjómannskonum og verkamannakonum, sem voru að vinna í hverfinu, sem og öllum börnum þeirra,“ sagði Elísabet í viðtali þegar stígnum hafi verið gefið nafn.



GÍTARKENNSLA

- Ég býð upp á gítarkennslu í heimahúsum fyrir alla aldurshópa, byrjendur jafnt sem lengra komna.
- Boðið upp á klassískan og óklassískan gítarleik á órafmögnuð hljóðfæri eða rafmagnsgítar.
- Ég heiti Sergio og hef margra ára kennslureynslu á gítar.
- Ég hlakka til að skapa tónlist með þér!
- Þú getur haft samband í síma 695-0407.

KRÓNAN

Við höfum opnað aftur á Granda!



Glæsileg opnunartilboð

Ef þú **Skannar og skundar**
með krónuappinu færðu að auki
5% afslátt af öllum vörum*

*Gildir aðeins í Krónunni á Granda 21.-24. september,
gildir ekki með öðrum tilboðum.

Snjallar lausnir – gott úrval – lágt verð

Afgreiðslutímar á kronan.is

Ég hef alltaf verið Vesturbæingur

- Guðmundur Pétursson lögfræðingur og knattspyrnumaður til margra ára

Guðmundur Pétursson lögfræðingur og knattspyrnumaður til margra ára spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Tilefnið er að hann hefur sent frá sér bók þar sem hann segir frá mörgu markverðu sem á daga hans hefur drifið – einkum á sviði knattspyrnu en einnig uppeldi og atvinnulífi. Guðmundur hefur alið aldur sinn í Vesturbænum lengstan hluta ævi sinar. Hann var sem barn á Sólvallagötu og síðar í Granaskjóli þaðan sem nokkrir metrar eru yfir á KR svæðið. Aldrei var því spurning um að hann yrði KR-ingur eins og margir ungir menn í Vesturbænum.



Guðmundur Pétursson lögmaður og knattspyrnumaður til margra ára.

Guðmundur kveðst fyrst muna eftir sér sem barni á Sólvallagötu. Foreldrar sínir hafi búið fyrstu árin á Hávallagötu en það sé fyrir sitt minni. Fyrstu árin hafi þau búið í kjallara á Sólvallagötunni en síðar flutt á efri hæðina og verið þar til þau fluttu í Granaskjól 1957. Fótboltaáhuginn kviknaði snemma. Guðmundur segir að Vesturbæjarstrákarnir hafi aðallega verið í fótbolta á Landakotstúninu þótt aðstaðan væri bágborin. Engin mörk og stangir gerðar úr yfirhöfnum strákanna sem voru að elta boltann.

Fyrsti boltinn

Guðmundur minnist fyrsta boltans sem hann eignaðist. Hann hafi fengið hann í afmælisgjöf. Í fótboltaleik á Landakotstúninu hafi boltinn eitt sinn skoppað út á Túngötuna og orðið fyrir bíl. Boltinn hafi sprungið með háum hvelli. Bílstjórinn hafi heyrt hvellinn og komið út úr bílnum. Hann hafi verið leiður og spurt hver ætti boltann. Guðmundur kvaðst hafa gefið sig fram með grátstaf í kverkunum. Bílstjórinn hafi þá farið í vasa sinn og rétt sér einhverja peninga sem hann fann þar. Þótt þeir hafi ekki dugað fyrir nýjum bolta hafi þetta verið vel gert hjá manninum. Skósmiður nokkur hafi saumað boltann saman og hann verið notaður það sem eftir var sumars. Guðmundur fór snemma að leggja leið sína á róluvöllinn við Hringbraut. Honum fannst hugur strákanna á Sólvallagötunni fremur snúast um bogfimi og bófahasar en fótbolta. Á róluvellinum léku stákarnir sér meira í fótbolta. Hann rifjar upp þegar hann týndist á sjöunda árinu og hafin var leit að honum. Hann hafði þá farið út á KR völl og gleymt sér þar langt utan þess svæðis sem sex ára guttinn á Sólvallagötunni mátti fara.

Ákjósanlegur bardagastaður

Árið 1957 flutti fjölskyldan í Granaskjól eftir að faðir hans hafi fengið úthlutað þar lóð ásamt fjórum félögum sínum úr Stýrimannaskólanum. Hann hafi fljótt kynnst mörgum á svipuðu reki úr nýja Vesturbænum það er að segja Vesturbænum vestan Hringbrautar. Hann segir strákana hafa haft gaman af ýmum bardögum auk fótboltans. Eitt húsanna við Granaskjól var byggt aðeins síðar en hin. Þar hafi orðið til ákjósanlegur bardagastaður fyrir strákana og húsið verði „uppbókað“ næstum frá morgni til kvölds. Granaskjólið var í eigu fjölskyldunnar í tæp 60 ár eða þar til að Sigurður yngri bróðir Guðmundar seldi það 2015.

Komust upp með að sleppa við söngtímana

Þegar Guðmundur var að alast upp var enginn sex ára bekkur. Skólaganga hans hófst því í kjallara á Hringbrautinni hjá konu sem hét Sigríður. Hann var því orðinn sæmilega læs þegar hin eiginlega skólaganga hófst í sjö ára bekk í Melaskóla. Þar þekkti Guðmundur enga nema Sigurð Helgason sem síðar varð forstjóri Flugleiða sem var sonur vinkonu móður hans. Hann kynntist þó fljótlega fleirum og kveðst hafa átt góða daga í Melaskóla. Tilgreinir nokkrar sögur. Sumar af saklausum strákapörum og einkum hvernig nokkrir strákar reyndu að sleppa við söngtímana og komust upp með það. Hagaskólinn tók við af Melaskólanum. Fyrsta árið fengum við unga kennslukonu. Nýlega komna frá námi og vorum henni vægast sagt erfið. Árið efir tók Björn Jónsson sem síðar varð skólastjóri við bekknum.

Versló var gæfuspor

Í Hagaskóla hafi þó verið lagður grundvöllur að gæfuspori sem var að fara þaðan í Verslunarskólann. Hann hafi valið Versló þótt sú leið væri lengri en hin hefðbundna menntakólaleið. Með henni hafi verið hægt að losna við landsprófið sem sumum hafi reynst erfitt. Þá hafi líka heyrst af nemendum sem voru að falla í þriðja og jafnvel fjórða bekk í MR en slíkt verið fátítt í Versló.

Vinmonopolet og Systembolgaet

Guðmundur minnist áranna í Verslunarskólanum með hlýju. Hann minnist Jóns Gíslasonar sem var skólastjóri á þeim tíma sem ákaflega virðulegs manns. Hann lét nemendur þéra sig þótt sá talsmáti væri að syngja sitt síðasta hér á landi. Sigurður Ingimundarson var stærðfræðikennari og kenndi einnig eðlis- og efnafræði. Hann var mikill krati og sat á þingi fyrir Alþýðuflokkinn eins og dóttir hans síðar en hún er Jóhanna Sigurðardóttir fyrrum forsætisráðherra. Guðmundur segir Sigurð stundum hafa verið utan við sig og dæmi um það er að hann hafi einu sinni kveikt sér í sígarettu í kennslustund. Hann minnist Hermanns Gunnarssonar eða Hemma Gunn sem skemmtilegs félaga úr Verslunarskólanum og síðar fótboltanum. Skemmtikrafturinn hafi snemma vaknað í Hemma og ekki síður fótboltamenningin. Þeir áttu samleið þótt annar væri í KR en hinn í Val. Í útskriftarförinni úr verslunardeildinni til Skandinavíu lærðu menn svo fljótt heitin á vínbúðunum Vinmonopolet í Noregi og Systembolaget í Svíþjóð eins og ríkiseinkasölurnar hétu og heita enn. Engrar slíkra kunnáttu þurfti við í Danmörku þar sem vín fékkst í nær hverri matvöruverslun.

Í Íþróttakennaraskólann

Úr verslunardeildinni lá leiðin í lærdómsdeildina sem var undanfari stúdentsprófs. Þegar kom að útskrift frá lærdómsdeildinni var Guðmundur orðinn svo upptekinn í fótboltanum að hann náði ekki að taka þátt í allri gleðinni. Hann þurfti að spila með KR. Eftir Verslunarskólann var Guðmundur óákveðinn um framhaldið og valdi Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni enda á fullri ferð í fótboltanum. Hann segir námið í Íþróttakennaraskólanum hafi verið um margt skemmtilegt en talsvert öðruvísi en hann hafi átt að venjast í Versló. Að því loknu eftir nokkra umhugsun hóf Guðmundur nám í lögfræði við Háskóla Íslands. Hann valdi það fremur en viðskiptafræði.

Fara inn eftir og fá okkur eina

Guðmundur ólst upp í hefðbundinni fjölskyldu. Fimm voru í heimili. Foreldrar, tveir synir og dóttir sem var í miðjunni. Hann segist lítið hafa kynnst föður sínum framan af. Pétur faðir hans var skipstjóri og mikið á sjó. Hóf ungur sjómennsku á togurum. Sigldi síðar lengi á olíuskipinu Kyndli. Hann sigldi yfir Atlantshafið til Vesturheims á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hann skrifaði dagbækur frá þeim tíma og lánaði Guðmundur skólabróður sínum Þór Whitehed sagnfræðingi þær þegar hann var að vinna að bókum sínum um Ísland á þeim tíma. Guðmundur fór þó til sjós með honum 17 ára. Segist þá hafa náð að kynnast honum betur og vinátta þeirra haldist allt þar til faðir hans féll frá. Hann segir sögu frá fyrri kynnum þeirra. Á fjórða ári hafi hann farið með föður sínum niður í Slipp þar sem skipið Skeljungur var í viðgerð. Hann hafi heilsað upp á karlana sem voru að vinna þar og síðan sagt að nú værum við búnir að fá útborgað og hvað ættum við þá að gera. Þá svaraði sá stutti að „Fara inn eftir og fá okkur eina“. Vínbúðin var þá á Lindargötunni.

Með konupiss í læknisskoðun

Guðmundur kann ýmsar sögur af föður sínum og við leyfum honum að láta tvær fjúka. Faðir hans var með sjónskekkju. Einhverju sinni fór hann ungur maður á ball á Borginni. Þar sá hann stúlku sem honum leist vel á. Að sögn Guðmundar skellti hann í sig einum tvöföldum og dreif sig síðan að bjóða stúlkunni upp. En hún stóð ekki upp heldur sú sem sat við hliðina á henni. Þetta var sem sagt mamma og þau dönsuðu saman allt lífið. Hin er frá síðari hluta lífsleiðarinnar. Hann átti að mæta með þvagprufu á spítala vegna rannsóknar. Þá hafi strákurinn komið upp í honum og hann fengið tengdadóttur sína sem var ófrísk til þess að pissa fyrir sig í glas. Hann fór með sýnishornið úr konunni ásamt sínu eigin og fékk læknunum það fyrst. Gaman hafi verið að sjá svipinn á þeim þegar þeir hafi séð að hann var kominn sex mánuði á leið. Hann hafi síðan rétt hitt glasið fram og læknarnir tekið gríninu nokkuð vel. Guðmundur minnst móður sinnar fyrir að hafa verið sterki aðilinn í hjónabandinu. Eins og títt var og er um sjómannskonur hafi hún þurft að sinna ýmsum verkefnum heima fyrir. Til dæmis að sinna öllu eftirliti þegar var verið að byggja Granaskjólið. Hún hafi einnig verið félagslynd og átt létt um mál. Staðið upp á mannamótum og haldið tölur. Hún hafi einnig verið mikill KR-ingur. Starfaði í skíðadeildinni og var ein þeirra sem byggði fyrsta skíðaskála KR í Skálafelli.

Eiginkona Guðmundar er Þórunn Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur og eiga þau hvort þrjár uppkomnar dætur frá fyrri hjónaböndum. Barnabörnin eru orðin 13. Guðmundur kynntist Þórunni á Rauða ljóninu eftir að hafa verið einhleypur í um áratug. Hann hafi verið í KR partýi kvöldið áður en lét Agga vin sinn, Þórarinn Óskar Þórarinsson af Holtinu draga sig á Ljónið. Þar voru kunningjar þeirra við hljóðfærin og Aggi tók Elvisslagara með sínum hætti. Guðmundur kveðst hafa farið að skima í kringum sig og komi auga á fallega konu sem sat með kynsystrum sínum. Flestum eiginkonum hljómlistarmannanna. Taldi sig ekki eiga mikla möguleika en bauð henni upp og hún sagði já. Bæði fráskilin. Bæði Vesturbæingar. Bæði KR ingar og þau hafa dansað saman síðan.

Kúarektor, mjólkurpóstur og bara allt á Reykjum

Morguninn á Kaffi Örnu á Eiðistorgi leið of fljótt. Kaffibollunum fjölgaði og klósettferðir fóru að kalla á. Enn var þó mikið eftir enda Guðmundur lifað fjölbreytta ævi. Einu er ekki hægt að ganga fram hjá. Tenglum hans við stórbýlið Reyki í Mosfellssveit. Guðmundur var aðeins þriggja ára þegar móðir hans veiktist af berklum og þá var um fátt annað að ræða en hann færi til ömmu sinnar á Reykjum. Hún var þá nýlega orðin ekkja og fékk barnið nær óskipta athygli hennar. Jón Guðmundsson stórbóndi á Reykjum og frændi hans nýkominn frá námi í Bandaríkjunum hafði tekið að sér að sjá um búið. Hann keypti síðar jörðina. Guðmundur segir að þetta fólk, amma sín og Jón og Fríða kona hans á Reykjum sé það fólk auk foreldra sinna sem mestan þátt hafi átt í að koma sér til manns. Jón á Reykjum stofnaði ásamt fleirum félagið Hreiður um hænsnarækt og var það stærsta hænsnabú landsins í sínum tíma. Jón hafði lært hænsnarækt á námstíma sínum vestra. Guðmundur hóf starfsferil sinn á Reykjabúinu með því að gefa hænsnum, reka kýr í haga og fara með mjólkina á hestakerru niður í Reykjalund. Starfsskyldur hans uxu með árunum og hann sótti jafnan að fara þangað þegar hlé urðu á skólagöngunni í Vesturbænum. Til dæmis um jól og páska. Hefð var fyrir stóru jólaboði á Reykjum á annan dag jóla og þangað mætti fjölskyldan úr Granaskjólinu og varð Guðmundur alltaf eftir og kom ekki í bæinn fyrr enn skólinn



Guðmundur með foreldrum sínum og systkinum 1976. Siggi bróðir líklega 19 ára, Bimba systir 28 ára, Guðmundur þrítugur. Pabbi og mamma um sextugt.



Í góðum gír með vinum á Skólavörðustígnum. Guðmundur í miðju, Gummi Jó til vinstri og Þórarinn Óskar Þórarinsson eða Aggi af Holtinu til hægri.

byrjaði eftir þrettándann. Margir strákar dvöldu í sveit í Reykjahverfinu á þessum árum. Guðmundur kveðst snemma hafa tekið forystu í strákahópnum. Hann hafi verið elstur og líka bestur í fótbolta. Minningar frá Reykjum skipa stóran hlut í frásögu hans frá æskuárunum. Guðmundur segir að eitt af því skemmtilegasta við Reykjadvölina sé að margir þessara gömlu félaga hafi haldið kunningsskap og hafi hist reglulega í gegnum tíðina.

Ingólfur í vitlausri jarðarför

Eina skopsögu segir Guðmundur þar sem misskilningur kemur við sögu. Kona að nafni Katrín Fjeldsted dvaldi mikið á Reykjum síðari hluta ævi sinnar. Guðmundur segir hana hafa verið sérstaka útlits. Karlmannlega og reykt vindla. Hún hafði ekið leigubíl og lært húsamálun. Þegar hún dó og var jarðsungin frá Dómkirkjunni hafi aðeins nánasta fólk Reykjabræðra mætt. Þegar presturinn fór að tala hafi frakkaklæddur maður með hatt snarast inn í kirkjuna og sest á fremsta bekk. Fljótlega hafi hann þó farið að ókyrrast. Uppgötvað að hann var ekki í réttri jarðarför. Þetta var Ingólfur Jónsson á Hellu þá ráðherra og hafi líklega ætlað í jarðarför framámanns í Sjálfstæðisflokknum en ekki áttað sig á að hún fór fram í Hallgrímskirkju á sama tíma.

Hærra kaup á Kyndli og engin Danmerkurferð

Guðmundur kveðst ekki muna hvenær hann gerðist KR-ingur. Líklega hafi það gerst af sjálfu sér. Fyrst á Sólvallagötu en síðar við Granaskjól. Samleiðin er orðin löng. Hann minnist þess að 1958 hafi fimmti flokkur verið settur á stofn fyrir yngstu iðkendurna 12 ára og yngri. Þjálfarar strákanna voru Gunnar Felixson og Kristinn Jónsson síðar prentari og þekktur sem Kiddi KR-ingur, lengi formaður KR. Þá 18 ára gamlir. Haustið 1960 var farið með þriðja og fjórða flokk í keppnisferð til Skotlands. Við það hafi orðið til mikill spenningur enda fæstir strákanna áður komið til útlanda. Alls fóru 41 strákur í ferðina ásamt fararstjórum. Þetta tók 12 daga en fimm dagar fóru í ferðalagið því farið var með Gullfossi fram og til baka. Árið 1963 var farið til Danmerkur en það sumar fékk Guðmundur hásetapláss á Kyndli. Mun betur borgað en vinnan í Slippnum sumrin áður. Hann hafi því verið á sjó við Íslandsstrendur í stað þess að spila fótbolta í Danmörku.

Idrætsparken í Kaupmannahöfn

Guðmundur gæti rekið sögu sína samferða KR það sem eftir væri af degi og ef til vill næsta dag að auki. Inn í þá sögu blandast starfssaga hans sem lögmanns og starfsmanns Tryggingamiðstöðvarinnar í Reykjavík meðfram knattspyrnunni og félagsstörfum í fótboltaheiminum. Áður hefur verið sagt frá knattspyrnuferli Guðmundar í Vesturbæjarblaðinu og áhugasömum er einnig bent á bók hans „Öll nema fjórtán“ sem er að koma út. Nafn bókarinnar er nokkuð sérstakt og ekki sist fyrir knattspyrnuferil Guðmundar sem var að mestu leyti farsæll. En hvað varð til þess að bókinni var gefið þetta heiti? Nafnið er tilvísun í frægasta landsleik Íslendinga, leikinn sem þeir spiluðu við Dani í Idrætsparken í Kaupmannahöfn árið 1967. Þá veittu Danir Íslendingum stærsta tap í íþróttaleik í sögunni þegar þeir unnu Íslendingana með 14 mörkum gegn tveimur. Guðmundur Pétursson stóð í marki íslenska landsliðsins og varði öll nema fjórtán. Hann segir ekki hafi verið blásið í lúðra þegar liðið kom heim. Ósigurinn megi sjálfsagt að einhverju leyti rekja til þess að nokkuð hafi verið yngt upp í íslenska liðinu og trúlega hafi unga leikmenn skort reynslu gegn hinu sterka liði Dana. Þeir hafi líka verið látnir spila sóknarleik og lítið verið hugsað um vörnina og því fór sem fór. Guðmundur hefur þó ekki látið þetta á sig fá. Hann hélt ótrauður áfram bæði í íþróttum, félagsmálum og starfi eins og glögglega kemur fram í bók hans.



Ný grenndarstöð við Öldugötu



Hér má sjá sambærilega djúpgáma á grenndarstöð við Freyjugötu.

Framkvæmdir hefjast við nýja grenndarstöð við gatnamót Hrannarstígs og Öldugötu. Um er að ræða djúpgámastöð sem hentar vel í umhverfi eins og þarna er. Verið að svara ákalli íbúa hverfisins um djúpgáma á grenndarstöð en jafnframt er þetta fyrsta grenndarstöðin í gamla Vesturbænum.

Enn fremur fer fram lagnavinna, yfirborð verður hellulagt og götukanti breytt til að skapa aðlaðandi og aðgengilegt umhverfi. Til að það gangi upp verður samhliða framkvæmdunum fækkað bílastæðum um fimm við Hrannarstíg og átta við Öldugötu. Eftir að þessi stöð bætist við verða grenndarstöðvar í Reykjavík orðnar 58 talsins. Áætlaður kostnaður við verkið er 31 milljón króna og er áætlað að framkvæmdum ljúki í nóvember.

Gleði og góð stemning á Vitatorgi

Gleði og góð stemning ríkti á fjölskyldudegi í samfélagshúsinu á Vitatorgi sem efnt var til 28. ágúst sl. Fjöldi fólks mætti á svæðið þar sem blöðrulistamaður skemmti börnum, gestir gátu fengið andlitsmálning og prófað sýndarveruleika, svo fátt eitt sé nefnt. Þetta var í þriðja skipti sem efnt er til fjölskyldudags á vegum samfélagshúsa Reykjavíkurborgar í sumar. Sá fyrsti var haldinn í júní í samfélagshúsinu í Bólstaðarhlíð og annar í samfélagshúsinu að Aflagranda í júlí.

Allir fjölskyldudagarnir voru vel sóttir af fólki á öllum aldri. Skemmtiatriðin voru mörg og margvísleg, grillaðar voru pylsur, haldinn flóamarkaður og fleira. Á svæðið mætti fólk sem er nýflutt til landsins og nýtt í hverfinu, fjölskyldur úr hverfinu, ömmur og afar með barnabörnin sín og aðrir fastagestir samfélagshúsanna. Með því hafi tilganginum verið náð að sögn Drífu Baldursdóttur, verkefnastjóra. Eftir að hafa hlotið styrki úr Lýðheilsusjóði Reykjavíkurborgar til að halda þrjá fjölskylduviðburði gafst tækifæri til þess að borga listamönnum. Leitað var að skapandi fólkið sem starfar í samfélagshúsunum. Plötusnúðurinn á Vitatorgi er til dæmis öryggisvörður á daginn og veflistakonan sem hélt utan um stórt og fallegt veflistaverk sem unnið var á staðnum vinnur líka hjá fjölskylduhúsinu. Drífa segir fjölskylduviðburðina komna til að vera og býst við að næsti viðburður verði í haust í tengslum við vetrarfrí barna. Viðburðir fyrir fjölskyldur eru alla jafna vel sóttir og í takti við tilgang samfélagshúsanna, sem eru fyrir alls konar af öllum aldurshópum; börn, fullorðna og eldra fólk.



Að sjálfsögðu voru pulsur og meðlæti í boði á fjölskyldudeginum.



Sumir fegnu andlitsmálningu.



Ekki byggt við Stjórnarráðið í bráð

Ekki verður byggt við Stjórnarráðshúsið í bráð eins og fyrirhugað var. Framkvæmdum við það hefur verið skotið á frest um óákveðinn tíma en nýbygginga að baki gamla tukthússins sem hýsir forsætisráðuneytið hefur verið á dagskrá árum saman. Nú er búið að loka grunninum á bak við húsið og tyrfa yfir. Tilkynnt um þetta er í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Nokkur kostnaður hefur fallið á ríkissjóð vegna undirbúnings byggingarinnar um tæpar 470 milljónir króna á verðlagi hvers árs. Stærstur hluti þessa kostaðar er kominn til vegna fornleifauppgraftar og nokkur kostaður um 20 milljónir vegna nýbygginga og álitamála vegna byggingaráforma nágranna. Ekki er fyrirhugað að finna forsætisráðuneytinu nýtt húsnæði að sinni.



Lóðin að baki Stjórnarráðinu er á leiði undir grasgróna torfu.



BREYTTUR OPNUNARTÍMI Í ELKO GRANDA

Opið 10 – 18 á virkum dögum

mán – fös	laugardaga	sunnudaga
10 – 18	11 – 18	12 – 18



ELKO

ELKO ehf. | Lindum - Skeifunni - Granda - Akureyri - Flugstöð | 544 4000 | elko@elko.is

Hallærisplanið

Uppeldislegt slys eða barn síns tíma

Hótel Íslandsplanið sem síðar var nefnt Ingólfstorg var samkomustaður unglinga á sjöunda, áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Á torginu hittust ungmenni, stungu saman nefjum og skemmtu sér. Þar voru oft ólæti, áflog og rúður voru brotnar. Þarna voru þó ekki viðhöfð formleg mótmæli heldur sletti ungt fólk úr klaufunum, sumt rækilega og margir fóru á sín fyrstu fyllirí á torginu. Lögregla þurfti oft að skerast í leik ungmennanna og stemma stigu við að lífið færi ekki meira og enn verr úr böndum en raun bar vitni. Torgið var upphaflega kallað Hótel Íslandsplanið en Hótel Ísland stóð á þessari lóð frá 1882 til 1944 þegar það brann til kaldra kola. Við það myndaðist autt svæði við gatnamót Austurstrætis og Aðalstrætis sem ekki var byggt á. Torgið gert að bílastæði.

Ingólfstorg í miðborg Reykjavíkur liggur að elsta hluta borgarinnar. Í dag er um útivistarsvæði að ræða en hafði á sér talsvert aðra og verri ásýnd á árum áður. Þá lá leið bílaumferðarinnar rakleiðis gegnum torgið í framhaldi af Austurstræti og taldist það mestmegnis til bílastæða. Undir lok sjöunda áratugs liðinnar aldar tóku ungmenni að venja komur sínar þangað á kvöldin og um helgar. Lítill sómi þótti að ástandinu sem skapaðist á bílaplainu og var það oft kallað „Hallærisplanið“ í daglegu tali. Á tímabili var vinsælt að fara á torgið og stundum söfnuðust þar saman upp undir fjögur þúsund manns samkvæmt fréttum frá þeim árum. Algengt var að um þúsund ungmenni eða fleiri væru þar á kvöldum um helgar. Nú er staðan gerbreytt. Núverandi skipulag er vænna til hefðbundinnar útiveru en bílaplön fyrri ára enda er Ingólfstorg iðulega vel sótt af borgarbúum, ekki síst á góðviðrisdögum þegar margt er þar um manninn. Heimamenn og erlendir ferðamenn sækja torgið sér til ánægju og yndisauka.

Rómantískur staður en útihátíðastemning tók yfir

Geir Jón Þórisson fyrrum yfirlögregluþjónn í Reykjavík ræddi á sínum tíma við Morgunblaðið um kynni sín af planinu bæði sem ungmenni er átti viðkomu þar og síðar lögreglumaður sem þá kom þangað í öðrum erindagjörðum. Hann kvaðst hafa sótt Hallærisplanið sem unglingur í lok sjöunda áratugarins. Á árunum 1969 til 1970. Þá hafi ungt fólk verið á rúntinum og lagt bílum á torginu. Hann sagði í viðtalinu að þá hafi þetta verið rómantískur staður en seinna orðið meira um drykkju og fyllirí og útihátíðarstemning orðið til. Um áratug síðar var hann gengin til liðs við lögregluna og upplifði stemmninguna á Hallærisplaninu á nýjan hátt. Óöldin á planinu var í hámarki á árunum 1980 til 1984 og mikið um ölvun. Unga fólkið var með landa en fíkniefni ekki orðin eins algeng og síðar varð. Ástandið á torginu þróaðist oft út í skrílslæti og átök orðið við lögreglu. Skemmdarstarfsemi var áberandi og lögregla þurfti oft að verja verslanir í kring þar sem rúðubrot voru algeng. Geir Jón sagði í viðtalinu að meginþorri þeirra sem voru þarna hafi bara verið að slæpast og ekki til vandræða en vandræðafólkið verið mest áberandi og starf lögreglunnar einkum snúist um að fjarlægja þá erfiðustu af svæðinu.

Ráðist á lögreglumann

Um áramótin 1967 til 1968 mátti lesa um árás á lögreglumann í blaðafrétt. Þar segir að nítján ára piltur hafi haft spjöll og háreysti í frammi og lögreglumenn verið kvaddir. Báðu þeir piltinn um að hverfa af staðnum, en hann hafi veitti mótþróa og var þá færður í lögreglubílbil. Félagi hans hafi þá haft afskipti af þessu og þegar lögreglumenn hugðust handtaka hann hafi upphafsmaðurinn stokkið út úr lögreglubílnum. Annar lögreglumannanna hljóp á eftir honum en ungi maðurinn veitti honum þungt högg á milli augnanna. Hversu algeng atvik af þessu tagi voru mörg er ekki vitað en ólæti og átök við lögreglu settu svip á ákveðið tímabil á planinu.

Þriðjungur komu annars staðar að

Haustið 1978 gerði útideild æskulýðsráðs og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur könnun á samsetningu hópsins sem sótti Hallærisplanið yfir eina sumarhelgi. Kom í ljós að um þriðjungur þeirra unglinga sem söfnuðust saman á Hallærisplaninu var búsettur utan Reykjavíkur. Fæstir voru úr Árbæjarhverfinu, margir úr Breiðholtinu og margir komu annars staðar að en úr Reykjavík. Um 67% ungmennanna voru á aldrinum 15 til 17 ára. Stúlkurnar á svæðinu voru yngri en piltar en stúlkunum fækkaði verulega þegar þær höfðu náð 17 ára aldri. Fjölmennasti aldurshópur pilta var hins vegar 17 ára og allmargir 18 ára. Þessa helgi sem könnunin var gerð komu allt að 700 ungmenni á torgið. Nokkrum árum síðar eða haustið 1982 gerði útideildin aftur könnun sem fór fram á einu föstudagskvöldi og voru nokkrar spurningar lagðar fyrir rúmlega þúsund unglinga sem á svæðinu voru. Tæp 58% þeirra voru á aldrinum 15 til 16 ára en 14 og 17 ára unglingar voru einnig fjölmennir. Fimmtán ára stúlkur voru mest áberandi og í yngri aldurshópunum voru stúlkur fleiri, þær komu hins vegar fyrr á kvöldin og fóru fyrr heim. Strákar voru fjölmennari í eldri aldurshópunum. Þá voru nær 49% aðspurðra voru úr Reykjavík, um 20% úr Kópavogi, 12% úr Hafnarfirði og 8% úr Garðabæ. Miðað við íbúafjölda í hverju bæjarfélagi voru hlutfallslega flestir unglingarnir úr Kópavogi.

Davíð eins og Bastian

Hallærisplanið vakti athygli út fyrir landsteinana. Norskt blað fjallaði um skemmtanalíf Íslendinga og birtist grein um umfjöllun þess í Morgunblaðinu 23. október 1983. Norsku blaðamönnunum þótti merkilegt að hitta borgarstjórann sem þá var Davíð Oddsson á meðal unglinganna. Í greininni sagði að hann hafi gengið um planið eins og Bastinn bæjarfógeti í Kardemommubæ Torbjörns Egner. Verið brosandi og klappandi ungviðinu á kollinn. Blaðið birti mynd af Davíð á rölti um Hallærisplanið talandi við unga fólkið.

Birtingarmynd á sínum tíma

Umstangið á Hallærisplaninu var birtingarmynd æskunnar á sjöunda, áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Þá skipti engu hvernig vindar blésu. Hallærisplanið var nokkurs konar félagsmiðstöð unglinga. Í grein í DV árið 2004 þar sem þessitími var rifjaður upp sagði meðal annars að unglingar hafi staðið fyrir hefðbundinni uppreisn gegn heimskum heimi hinna fullorðnu með hefðbundnum aðferðum; drykkju, formælingum, léttum skemmdarverkum. Fullyrt var að þegar mest stóð á hafi unglingar vaðið yfir Grjótaþorpið, gert „þarfir sínar hvar sem var“ og „eðlað sig fyrir allra augum“. Eftir því sem leið á níunda áratuginn minnkaði aðdráttarafl plansins. Ungmennin fóru að sækja í félagsmiðstöðvar og sérstaka unglingaskemmtistaði þar sem skipulegt starf var í boði.



Á blómatíma útihátíðararmenningarinnar. Lögreglumenn láta óeirðarsegg tína upp glerbrot eftir að hafa brotið flösku. Ef til vill hefur það verið talin næg refsing.

Útihátíðamenningin er horfin

Í blaðagrein sem birtist í DV 7. desember 1983 kemur fram að þá hafi torgið verið orðið nánast mannlaust um helgar. Unglingarnir hafi flutt sig upp á Hlemm, í leiktækjasalina og á skemmtistaðinn D-14 í Kópavogi og skemmtistaðinn Best sem var til húsa í gamla Fáksheimilinu við Elliðaár. Félagsmiðstöðvar höfðu líka verið opnaðar víða á þessum árum eftir að farið var að leita leiða og finna lausnir fyrir æsku landsins. Nú hefur skemmtanamenningin breyst. Stjórnlítil eða stjórnlaus útihátíðamenning er horfin og skipulagt félagsstarf tekið við. Bílaplönin eru einnig að mestu horfin eða verið breytt í fjölnota útivistarsvæði. Svo er um Ingólfstorg sem aðra staði. Eftir stendur spurningin um hvort tilvist Hallærisplansins hafi verið uppeldislegt slys eða einfaldlega barn síns tíma.





Bílafloti Ingólfstorgi. Miðað við árgerðir bílanna gæti myndin hafa verið tekin á sjötta áratug liðinnar aldar.

Stjórnendur Tjarnarinnar á starfsdögum Samfés



Stjórnendur Tjarnarinnar á samstarfsdögum.

Stjórnendur félagsmiðstöðva Tjarnarinnar tóku þátt í starfsdögum Samfés - samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi sem haldnir voru 14. til 15. september á Varmalandi.

Starfsdagar Samfés er mikilvægur fræðslu- og símenntunarviðburður starfsfólks á vettvangi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á landsvísu. Fulltrúar Barna- og menntamálaráðuneytisins tóku einnig þátt í starfsdögunum að þessu sinni. Áhersla starfsdaganna að þessu sinni var á forvarnir gegn áhættuhegðun og ofbeldismenningu í frístundastarfi. Boðið var upp á fjölbreytt fræðsluerindi og umræður tengd frístundastarfi með börnum og unglingum og komu stjórnendur heim fullir innblásturs og nýrrar þekkingar.



FALLEGIR LEGSTEINAR



Á góðu verði

Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar legsteinagerð



JL-húsið

Spurst fyrir um breytingar í gistiskála



JL-húsið var eitt sinn tákn um stórhug í Vesturbæ Reykjavíkur en hefur látið á sjá. Ýmiskonar starfsemi hefur verið þar í gegnum tíðina en erfiðlega hefur gengið að finna húsinu hlutverk að undanförnu.

Reykjavíkurborg hefur borist fyrirspurn um hvot breyta megi annarri og þriðju hæð JL-hússins við Hringbraut í gistiskála líkt og gert hefur verið með efri hæðir þess.

Einnig er spurt um hvort innrétta megi jarðhæð sem þjónustumiðstöð, kaffihús, aðstöðu fyrir börn og kennslustofur, samkvæmt uppdrætti. Myndlistarskólinn í Reykjavík hefur verið á annarri og þriðju hæð hússins en áform verið um að finna starfsemi hans annan samastað. Erfiðlega hefur gengið að finna JL byggingunni við Hringbraut framtíðarhlutverk. Ýmislegt hefur verið reynt og misvísandi fréttir hafa birst um framtíðarnýtingu hússins.

Parísarhjól á Miðbakka?



Parísarhjól. Fjölmargar borgir Evrópu og heimsins eru með Parísarhjól. London, Gautaborg, Gdansk og Tblisi svo fáin dæmi séu nefnd.

Borgarstjóri vill kanna raunhæfni þess að koma fyrir Parísarhjóli í tilraunaskyni til nokkurra ára á Miðbakka í Reykjavík. Þar vísar Dagur B. Eggertsson til hugmynda í minnisblaði starfshóps um haftengda upplifun og útivist við útisvæði Faxaflóahafna. Þar komu fram ýmsar hugmyndir að haftengdri upplifun og útivist við hafnarsvæðið.

Dagur segir að sérstök ástæða sé til að setja hugmynd um Parísar-hjól í farveg. Það verði hugsað á viðskiptalegum grunni, án fjárútláta borgarinnar eða hafnarinnar. Jafnframt verði hugað að útfærslu almennings- og leiksvæða á Miðbakka samhliða uppsetningu slíks hjóls, reynist hugmyndin raunhæf. Ljóst er að umtalsvert flækjustig getur fylgt framkvæmdinni og útfærslu þess. Ljóst sé að hafa þurfi víðtækt samráð um það og vinna nauðsynlega greiningu sameiginlega af Reykjavíkurborg og Faxaflóahöfnum en Miðbakki er á hafnarsvæði

Fossvogsbrú boðin út

Fyrirhugað er að bjóða út fyrstu framkvæmdir vegna Fossvogsbrúar nú á haustmánuðum. Fyrst verður boðin út vinna við landfyllingar á Kársnesi og við Nauthólsvík vegna brúarinnar. Áætlanir gera ráð fyrir að vinna við landfyllingar hefjist fyrir áramót og taki um átta mánuði. Í framhaldinu verða framkvæmdir vegna smíði brúarinnar boðnar út og ættu þær að geta hafist um mitt næsta ár.

Markmiðið með Fossvogsbrú er að bæta samgöngutengingar milli Reykjavíkur og Kópavogs. Brúin er ætluð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sem og farþega almenningssamgangna en á brúnni verður sérrein fyrir Borgarlínuvagna. Leið gangandi og hjólandi vegfarenda milli Reykjavíkur og Kópavogs mun styttast um 1,2 kílómetra með tilkomu brúarinnar. Hún mun einnig tengja miðbæ Kópavogs betur við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og miðbæ Reykjavíkur. Brúin verður 270 metra löng og allt að 17,3 metrar á breidd.

Samhliða útboðinu hefur verið gerð kostnaðaráætlun þar sem kostnaðurinn vegna hönnunar, framkvæmda, umsjónar og eftirlits er metinn á um 6,1 milljarð. Þá gerir kostnaðaráætlun ráð fyrir um 1,4 milljörðum vegna landfyllinga. Um 1,4 milljarðar króna sparast með því að nota hefðbundið stál í stað ryðfrís stáls við byggingu brúarinnar eins áður hafði verið gert ráð fyrir, en um 1 milljarður á líftíma brúarinnar.

Fossvogsbrú er hluti af verkefnum sem heyra undir Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem gerður var milli ríkisins og sveitarfélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu árið 2019. Betri samgöngur ohf., Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær vinna saman að undirbúningi brúarinnar.



Samkeppni var gerð um tillögu að Fossvogsbrú. Tillagan Alda bar sigur úr býtum og er samstarfsverkefni EFLU og BEAM Architects.

Tunnuskiptum er lokið

Tunnuskiptum vegna nýs flokkunarkerfis sorphirðu er lokið. Búið er að setja saman rúmlega 30 þúsund nýjar flokkunartunnur og dreifa þeim á heimilin í borginni en þar af er um helmingur tvískiptar tunnur.

Búið er að dreifa körfum og bréfpokum til 57 þúsund heimila í borginni, sem þýðir að 4,4 milljón pokar fyrir lífrænan eldhúsúrgang rötuðu beint í eldhús Reykvíkinga.

280 tonnum af lífrænum úrgangi safnað í ágúst

Stærsta breytingin með tunnuskiptunum er söfnun á lífrænum eldhúsúrgangi. Núna í ágúst var safnað rúmlega 280 tonnum af lífrænum úrgangi en megnið af því fór áður í gráu tunnuna. Þetta þýðir lækkað kolefnisspor með því að draga úr urðun. Í staðinn er búin til molta og næringin fer aftur inn í hringrásina. Einnig er búið til metan, sem er nýtt á margvíslegan hátt, meðal annars á alla fjórtán sorphirðubíla Reykjavíkurborgar. Um 280 tonn af lífrænum úrgangi þýða að úrgangur til urðunar í Reykjavík hefur dregist saman um 21,5% nú þegar. Þessi tala eftir að hækka enn frekar nú þegar síðasta hverfið hefur bæst við í nýja kerfið.



Unnið við sorphirðu.



TOYO TIRES · PIRELLI POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL · Laufenn Journey in Style · MAXXIS DEKK · Mastercraft TIRES · NANKANG FREE YOUR WAY · INTERSTATE TIRES · DOUBLECOIN

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!



Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Fiskislóð 41
101 Reykjavík
561 4110

Dekkjaþjónusta · *Smurþjónusta* · *Smáviðgerðir*

Bókaðu tíma á nesdekk.is

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Verður Norræna húsið ríkiseign ?



Norrænahúsið við Sæmundargötu.

Í nýútkomnu fjárlagafrumvarpi má finna heimild til að að færa eignarhald á Norræna húsinu við Sæmundargötu yfir til ríkisins. Heildarumfang vegna leigu gæti numið 16 milljörðum.

Í greinargerð með frumvarpinu er miðað við að eigninni verði komið fyrir í umsýslu hjá Framkvæmdasýslu - Ríkiseignum sem muni tryggja að viðhaldi verði sinnt og áframhaldandi starfsemi geti verið á eigninni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á grundvelli eðlilegra leigugreiðslna.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.



Fjölbreytt starf á Aflagrandi í vetur

Í Samfélagshúsinu Aflagranda er félagsstarfið að fara af stað eftir gott sumarfrí. Við leitumst við að bjóða upp á fjölbreytt starf og þægilega samveru í hlýju umhverfi. Hér geta allir fundið eitthvað við hæfi og jafnvel farið út fyrir þægindarammann og prófað eitthvað alveg nýtt. Öflugt starf er í húsinu á opnunartíma frá 8:30 - 15:45 en einnig er fjölbreytt starf í húsinu eftir lokun þar sem yngri kynslóðir fara með völdin.



Aflagrandi 40.

Hér má finna fjölbreytta dagskrá allan veturinn og má til dæmis nefna Ukulele hóp, Myndlist, Postulínsmálun, Tálgað í tré og Söngfuglana sem er kór og þar er alltaf verið að leita að góðum söngfuglum, laus pláss í allar raddir. Við erum með bingó alla föstudaga kl. 13:30 og flottan prjónahóp sem hittist á þriðjudögum kl. 13:30. Það má taka það fram að allir eru velkomnir í allt félagsstarfið hjá okkur.

Félagasamtökin Memmm Play sem er opinn leikskóli er í húsinu alla þriðjudagsmorgna milli kl. 10:00-12:00 og hvetjum við alla sem eru heima með lítil kríli að kíkja til okkar. Þetta er frábær leið fyrir foreldra/forráðamenn, afa og ömmur að hitta fólk og leyfa krílunum að leika sér við önnur börn í fallegu og þroskandi umhverfi.

Við erum með opna vinnustofu alla morgna þar sem fólk hittist með handavinnuna sína og ræðir heimsmálin yfir kaffibolla. Í vinnustofunni getur fólk nýtt sér mjög góða aðstöðu en þar eru bæði venjulegar saumavélar og overlock saumavélar.

Hið sívinsæla bókaspjall er á sínum stað annan hvern miðvikudag sem Katrín Kristinsdóttir hefur tekið við að stjórna. Við megum líka eiga von á skemmtilegum gestum til okkar í vetur.

Hingað er hægt að koma og borða hádegismat milli 11:30-12:30, panta/afpanta verður matinn fyrir kl. 12:30 daginn áður og svo er síðdegiskaffi kl. 14:30 alla daga. Nánari upplýsingar um hádegismatinn eru veittar í síma 411-2707.

Í samstarfi við íþróttafélag KR bjóðum við upp á Kraft í KR tvisvar í viku, þriðjudagsmorgna kl. 10:40 og föstudagsmorgna kl 10:30. Tímarnir eru fyrir 60+ og er markmiðið að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu. Íþróttafræðingur sér um tímana. Einnig er Kraftur í KR með gönguhóp sem hittist á mánudögum kl. 10:30 og gengur góðan hring um hverfið og gert léttar æfingar. Í lok göngu er sest inn í KR heimilið í kaffisopa og spjall. Þessir tímar eru fólki að kostnaðarlausu.

Í vetur verður viðburður hér í húsi sem Hafdís Bjarnadóttir stendur fyrir en þar ætlar hún að bjóða uppá Handavinnustofu í fjögur skipti og verður það fyrsta 24. október kl. 20:00. Við auglýsum þennan viðburð betur er nær dregur svo endilega fylgist með.

Í samfélagshúsinu okkar viljum við hafa viðburði fyrir Vesturbæinga svo sem flóamarkaði, spilakvöld, veislur, sýningar og allt það sem Vesturbæingar kalla eftir. Endilega ef þið hafið hugmyndir að starfi eða viðburði sem ykkur langar að sjá hér í samfélagshúsinu okkar, hafið samband við Helgu Ösp verkefnastjóra eða Sigríði Dögg umsjónarmann félagsstarfs á skrifstofunni, 411-2701 & 411-2702, einnig má senda tölvupóst á helga.osp.johannsdottir@reykjavik.is

Við erum opnar fyrir nýjum hugmyndir og áskorunum. Við hvetjum alla til að finna facebooksíðuna okkar, Samfélagshúsið Aflagranda 40, því þar koma allar tilkynningar. Það er alltaf heitt á könnunni svo endilega kíkið við í bolla og spjall.

Kraftur í KR

Ástæða er til að minnast á samstarfsverkefni Samfélagshússins á Aflagranda 40 Kraftur í KR sem kallast kraftur í KR.

Verkefnið snýr að hreyfingu fyrir fólk óháð aldri og búsetu og hefur verið vel sótt í genum tíðina. Æfingarnar eru í KR alla mánudaga og föstudaga kl. 10:30, allir velkomnir. Æfingarnar eru án endurgjalds. Þjálfari er Linda Björk Ólafsdóttir.



Hvalveiðiskipin halda bryggjuplássum að sinni

Stjórn Faxaflóahafna telur að ekki sé ástæðu til að breyta að svo stöddu staðsetningu hvalveiðibátanna Hvals 8 og 9 sem liggja við gömlu höfnina miðsvæðis í Reykjavík. Fimm aðrir möguleikar voru skoðaðir en enginn þeirra hentaði.

Viðlegustaðir sem skoðaðir voru ná nefna Bótarbryggju, Austurbakka Grandabryggju, Vatnagarðabakka og Faxabryggju á Akranesi. Á Bótarbryggju var talið að hvalveiðiskipin myndu þrengja of mikið að umferð til og frá Verbúðarbryggju sem og ferða björgunarbáta. Legan við Grandarbryggju er sögð of stutt og hvalveiðiskipin myndu rýra notagildi bryggjunnar við Austurbakka verulega. Vatnagarðabakki er á farmsvæði á svæði Eimskips og Faxabryggja var með of lítið dýpi og ókyrrð í suðvestan- og vestanátt.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í maí að fela stjórn Faxaflóahafna að skoða hvort hægt væri að skoða annan stað en miðsvæðis í Reykjavík fyrir tvö hvalveiðiskip Hvals ehf. Vísað var til margvíslegra umhverfisstefna borgarinnar og stöðu hennar sem ferðamannastaðar. Eftir að farið hafði verið yfir aðra möguleika kemur fram í minnisblaði Gísla Jóhanns Hallssonar yfirhafnsögumanns að að Hvalur ehf. hafi verið með sín hvalveiðiskip í gömlu höfninni síðan 1947. Skipin hafi verið tengd heitu vatni síðastliðna hálfa öld til að halda hita á þeim ásamt því að þurfa rafmagn. Skipin þyrftu að vera með heitt og kalt vatn og rafmagn og geta legið utan á hvort öðru.



Hvalur 8 og 9 við bryggju í gömlu höfninni. Myndin var tekin áður en skipin héldu til veiða á dögunum.

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað


Sverrir Einarsson
S: 896 8242


Jóhanna
Eiríksdóttir


Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

HALLGRÍMSKIRKJA

ÞÍN KIRKJA - ÞINN STAÐUR!

ALMENNT HELGIHALD

Messa og sunnudagaskóli alla sunnudaga kl.11.00
Ensk messa síðasta sunnudag í mánuði kl.14.00
Bænastund alla mánudaga í kórkapellu kl. 12.00
Morgunmessa alla miðvikudaga kl. 10.00
Foreldaramorgnar í kórkjallara alla miðvikudaga kl. 10.00-12.00 (gengið inn að aftanverðu)
Kyrrðarstund með tónlist alla fimmtudag kl. 12.00

Kvöldkirkja síðasta fimmtudag í mánuði kl. 20.00 - 22.00. Tónlist, kyrrð og lestur.
Handavinna alla laugardaga kl.10:00 - 12:00 í Suðursal. Alltaf heitt á könnunni.

Miðasala á tónleika er í Hallgrímskirkju og á **www.tix.is**
Hallgrímskirkja er opin alla daga frá kl.10.00 til kl.17.00 (turninn lokar kl.16.45)

Á DÖFINNI í HALLGRÍMSKIRKJU

OKTÓBER

Fræðsluerindi - Fólk á flótta
Alla þriðjudaga í október kl. 12.00-13.00 í Norðursal.
Í fimm stuttum fræðsluerindum fylgjum við fólki á flótta í fortíð og nútíð. *Ókeypis aðgangur og létt hádegishressing í boði.*

Grænir sunnudagar í október
Í sunnudagsmessum í október verða sungnir sálmar og umræða um sköpunarverkið í prédikun og bæn.

ARCHORA – SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS Í HALLGRÍMSKIRKJU
Föstudagur 6. október kl. 18.00
Sinfóníuhljómsveit Íslands, Bryndís Guðjónsdóttir sópran, Kór Hallgrímskirkju, Steinar Logi Helgason kórstjóri, Eva Ollikainen stjórnandi.
Aðgangseyrir 4.900 kr.

HÁDEGISTÓNLEIKAR - Orgel og flauta
Laugardagur 7. október kl. 12.00
Steingrímur Þórhallson og Pamela De Sensi.
Aðgangseyrir 2.500 kr.

FJÖLSKYLDUMESSA
Sunnudagur 22. október kl. 11.00

MOZART REQUIEM – SING ALONG | Óperudagar í Hallgrímskirkju
Sunnudagur 22. október kl. 17.00
Hátíðarkór Óperudaga, Bryndís Guðjónsdóttir, Guja Sandholt, Gissur Páll Gissurarson, Jóhann Smári Sævarsson, Lára Bryndís Eggertsdóttir og Steinar Logi Helgason, stjórnandi.
Aðgangseyrir 2.500 kr.

Hallgrímsmessa - Miðvikudagur 25. október kl. 11.00

Hátíðarmessa í tilefni af vígslu kirkjunnar 29. október kl. 11.00

NÓVEMBER

HÁDEGISTÓNLEIKAR
Tónleikarnir eru í samstarfi við Iceland Airwaves
Laugardagur 4. nóvember kl. 12.00
Arngerður María Árnadóttir organisti og Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari. Sérstakir gestir: Davíð Þór Jónsson, píanó og Skúli Sverrisson, rafmagnsbassi.
Aðgangseyrir 3.000 kr.

ALLRA HEILAGRA MESSA
Sunnudagur 5. nóvember kl. 11.00
Ljós tendruð í minningu látinna eftir messuna.

MAURICE DURUFLÉ – REQUIEM
Tónleikarnir eru í samstarfi við Iceland Airwaves
Sunnudagur 5. nóvember kl. 17.00
Hymnodia Kammerkór & Kammerkór Norðurlands, Hildigunnur Einarsdóttir, Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, Eyþór Ingi Jónsson og Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi.
Aðgangseyrir 3.900 kr.

TÓNLEIKAR - Listaháskóli Íslands í Hallgrímskirkju
Laugardagur 18. nóvember kl. 14.00. Ókeypis aðgangur.

HEIÐURSTÓNLEIKAR - Hörður Áskelsson sjötugur
Sunnudagur 26. nóvember kl. 17.00
Orgelnemendur Harðar Áskelssonar leika á Klais orgelið í Hallgrímskirkju til heiðurs kennara sínum og fyrrverandi kantor. Fram koma: Ágúst Ingi Ágústsson, Eyþór Ingi Jónsson, Friðrik Vignir Stefánsson, Guðjón Halldór Óskarsson, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, Jóhann Bjarnason, Jón Bjarnason, Kári Þormar og Lára Bryndís Eggertsdóttir.
Aðgangur ókeypis!

www.hallgrimskirkja.is
S: 510 1000

ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA · LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · ICELAND AIRWAVES



Miklar endurbætur á Krónunni á Granda

- þetta verður allt önnur verslun, segir Alexander Kolesnyk, verslunarstjóri

Mikil endurnýjun og víðtækar endurbætur hafa átt sér stað á verslun Krónunnar á Granda síðustu daga. Versluninni var lokað 9. ágúst sl. eftir stórútsölu. „Við náðum nánast að tæma búðina sem gaf okkur tækifæri til þess að fara á fulla ferð í umbreytingarnar," segir Alexander Kolesnyk, verslunarstjóri Krónunnar á Granda.

Verslunin verður sem ný þegar hún verður opnuð að nokkrum dögum liðnum. Húsnæðið var tekið í gegn og endurbætt í hólf og gólf. Þá hefur búnaður hennar einnig verið endurnýjaður. Ný kælitæki verða tekin í notkun sem eru umhverfisvænni en hin fyrri, þar sem mikil áhersla er lögð á bæði umhverfisvænt umhverfi og vöruúrval sem breytist nokkuð. Alexander segir að aukið verði við vöruúrvalið, einkum í grænum og umhverfisvænum vörum. Hann kveðst hafa veitt því athygli að viðskiptavinir, sem margir koma úr Vesturbæ Reykjavíkur og af Seltjarnarnesi, sýni mikinn áhuga á góðu úrvali af fersku grænmeti og ýmsum umhverfisvænum vörum. Þeir leggi sérstaka áherslu á heilbrigt mataræði og lífsstíl og við því verður brugðist með auknu úrvali af hollum og næringarríkum valkostum.

Ein af nýjungum í nýju Krónuversluninni verður aukin áhersla á tilbúna rétti. „Margir eru oft að flýta sér á daginn, eru kannski á leið heim úr vinnu og vilja grípa eitthvað í matinn sem er fljótlegt en einnig heilnæmt og gott. Við höfum því lagt mikla áherslu á að auka fjölbreytnina í tilbúnu réttunum hér á Grandanum. Mikið er spurt um þá og er þá helst leitað eftir fjölbreytni. Við þessu er okkur bæði ljúft og skylt að bregðast og viðskiptavinir geta búist við að geta valið úr ýmsu góðgæti til að taka með sér heim, til dæmis frá WokOn, Tokyo Sushi og kjúkling frá Rotisserie. Seinna á árinu opnum við síðan fleiri slíka staði sem verður gaman að segja frá þegar nær dregur.

Að auki er fjórðu afgreiðslulausn Krónunnar gefið aukið rými á Grandanum en þar er nú að finna afhendingarstöð Snjallverslunar þar sem viðskiptavinir geta verslað vörur á heimasíðu eða í appi Krónunnar og sótt pöntunina í verslun. „Ég tel að fólk muni kunna að meta það. Þetta verður allt önnur verslun," segir Alexander sem var þotinn af stað til þess að líta eftir iðnaðarmönnum sem voru á fullri ferð að störfum í versluninni.


Alexander Kolesnyk verslunarstjóri.

Þrír fjórðu vilja göngugötur

Hátt í þrír af hverjum fjórum, eða 72% borgarbúa, eru jákvæðir í garð göngugatna í miðborg Reykjavíkur. Jákvæðni eykst gagnvart göngugötum og neikvæðum hefur verulega fækkað á síðustu árum eða úr 20% árið 2019 í 9% árið 2023. Þetta kemur fram í nýrri könnun Maskínu fyrir Reykjavíkurborg.

Viðhorf fólks til áhrifa göngugatna á mannlíf er nokkuð stöðugt en síðustu ár telja í kringum 70% aðspurðra að göngugötur hafi jákvæð áhrif á mannlíf. Rúmlega helmingur telur þær hafa jákvæð áhrif á verslun og tveir af hverjum þremur telja þær hafa jákvæð áhrif á veitinga- og matsölustaði í miðborginni.


Stór hluti Laugavegar er orðin göngugata.







Pálmi Rafn hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna

Pálmi Rafn Pálmason hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna í knattspyrnu hjá KR til næstu þriggja ára. Pálmi Rafn tók við starfinu til bráðabirgða af Perry Maclachlan í lok júlí en tókst ekki að koma í veg fyrir fall liðsins úr fyrstu deild niður í aðra deild.

Stjórn knattspyrnudeildar treystir Pálma Rafni fyrir því mikilvæga verkefni að koma kvennaknattspyrnu KR aftur í fremstu röð. Til hamingju Pálmi, segir í frétt frá frá knattspyrnudeild KR. „Við hlökkum til að sjá þig takast á við komandi verkefni.



Pálmi Rafn Pálmason.





Einar og Kristey Sunna til Glímudeildar KR

Einar Eyþórsson, Glímukóngur Íslands 2022 og Kristey Sunna hafa gengið til liðs við Glímudeild KR. Fyrir Glímudeild KR er þetta mikill liðsstyrkur.

Einar kemur frá Mývatnssveit og Kistey Sunna frá Glímufélagi Dalamanna.

Velkomin í KR, Einar og Kristey. Gangi ykkur sem allra best.



Bjarni Fel fallinn frá

Bjarni Felixson, fyrrverandi íþróttafréttamaður og landsliðsmaður í fótbolta er látinn 86 ára að aldri.

Bjarni Felixson var KR-ingur frá fæðingu og ólst upp á Bræðraborgarstígnum. Hann lék knattspyrnu með KR frá unga aldri og lék hundruði leikja fyrir félagið. Bjarni fagnaði 5 sinnum Íslandsmeistaratitli og varð 7 sinnum bikarmeistari með KR.

Bjarni kom sömuleiðis að þjálfun yngri flokka félagsins. Bjarni sat í stjórn knattspyrnundeildarinnar um árabil. Alla tíð bar hann sterkar taugar til KR og lýsti meðal annars fjöldamörgum leikjum í KR útvarpinu og lét sig sjaldan vanta á leiki. Iðulega lét hann sjá sig í starfi KR á hinum ýmsu sviðum.



Bjarni Felixson. Mynd: Erling ljósmyndari 2021.

GLÍMAN ER AÐ BYRJA

VETURINN 2023 – 2024

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í GLÍMU ER AÐ HEFJAST HJÁ GLÍMUDEILD KR

GLÍMAN ER GÓÐ ÍÞRÓTT FYRIR ALLA.
EFLIR SJÁLFSTRAUST, EYKUR STYRK.
ÆFINGAR FARA FRAM Í FIMLEIKASAL MELASKÓLANS.
INNRITUN Á STAÐNUM.

FRÁBÆRU ÞJÁLFARARNIR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI KRÖKKUNUM.

ÁFRAM KR



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í VETUR!



Líframm fatnaður sem gælir við þig!
Líttu á úrvalið frá Ripple. Dásamlegur fatnaður til að hreyfa sig í og vera í flestum stundum.



Byggðu þig upp fyrir veturinn!!
Gjörunnin matur og vítamín eru vandamál í veröldinni. Taktu inn það sem er hreint og virkar frá Virdian, sem er mögnuð vítamínlína.



Handunnar líframm olíur í úrvali!
Kíktu á olíuauðinn okkar til að bera á þig og taka inn.


Systrasamlagið

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Hraðari hleðsla!

FYRSTA HRAÐHLEÐSLAN ER KOMIN Á BIRKIMEL



ORKAN